



Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
150 Reykjavík

Efni: Athygli vakin á framkvæmd TR varðandi notkun
á IP tölum þjónustuþega stofnunarinnar.

Reykjavík, 20.4.2020

Nú um helgina birtist frétt af því að Tryggingastofnun fylgdist með staðsetningu öryrkja í gegnum IP tölur, er þeir skrá sig inn á sínar síður stofnunarinnar.

Í svari TR við fyrirspurn fjölmiðilsins kemur fram að stofnunin telur sig í fullum rétti til að safna IP tölum notanda sinna, og vísar í úrskurð Persónuverndar frá 16. desember 2009 í máli nr 2009/635 um heimild sína til þess. Sambærilegur úrskurður Persónuverndar er einnig frá 14. desember 2015 í máli nr. 2015/612.

Nú hefur Persónuvernd kveðið upp nýjan úrskurð um sama álitaefni þar sem stofnunin kemst að annari niðurstöðu, en í úrskurði frá 28. nóvember 2019 í máli nr. 2018/1718, segir að það mat Persónuverndar að þau sjónarmið, sem komu fram í fyrrnefndum úrskurði stofnunarinnar, dags. 16. janúar 2016, í máli nr. 2015/612 og lúta að því að skoðun IP-tölu sé sambærileg skoðun póststimpils, eigi ekki lengur við.

Þrátt fyrir nýrri og andstæðan úrskurð Persónuverndar kys Tryggingastofnun að fara eftir 11 ára gömlum úrskurði.

Athygli Persónuverndar er vakin á þessu, enda samrýmist það vart almennu réttaröryggi, að stofnanir ríkisins geti valið þá úrskurði eða dóma sem henta þeim í hverju máli fyrir sig.

Ekkert um okkur án okkar!

Með virðingu og vinsemd



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður Öryrkjabandalags Íslands